

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]
um senditæki í gúmbjörgunarbáta.

Flm.: Ragnar Guðleifsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða reglugerð um eftirlit með skipum með það fyrir augum að fyrirskipa, að gúmbjörgunarbátar verði búnir senditækjum.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um eftirlit með skipum er svo fyrir mælt, að á hverju skipi skuli vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipinu eru.

Sú reynsla, sem fengizt hefur af gúmbjörgunarbatunum, hefur leitt í ljós, að þeir hafa ýmsa kosti fram yfir trébátana. Þeir eru léttari, auðveldara að koma þeim á flot og þola meira hnjask. Hins vegar sjást þeir verr á sjó, og einnig berast þeir hraðar með vindi en trébátarnir.

Því er það til, að þótt slysstaður sé tilkynntur frá sökqvandi skipi í hvassviðri, hafi gúmbátur borizt langt frá, þegar leitarskip kemur á staðinn eftir langan tíma.

Það mundi því oft geta orðið til hjálpar, að í gúmbátnum væri senditæki, svo að hægt væri að miða bátinn frá leitarskipum eða stöðvum í landi.

Nú eru komin á markaðinn tæki, sem taka hinum eldri fram að því leyti, að þau eru sérstaklega varin fyrir raka. Þau mundu því henta til þeirra nota.

Vildum við sérstaklega vekja athygli á þessum tækjum, ef verða mætti, að þau leystu hér mikið vandamál og gætu þannig orðið til þess að auka öryggi manna á sjónum.